



Fundargerð

151.fundur íþróttá- og tómstundaráðs Reykjaneshæjar, haldinn á bæjarskrifstofu Reykjaneshæjar, Tjarnargötu 12, þriðjudaginn 22. júní kl. 16.30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Birgir Már Bragason, Alexander Ragnarsson, Jón Haukur Hafsteinsson.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs og Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

* * *

1. Beiðni Golfklúbbs Suðurnesja um tímabundin afnot af gömlu slökkvistöðinni (2021060310)

Erindi Golfklúbbs Suðurnesja um tímabundin afnot af gömlu slökkvistöðinni fyrir inniæfingar klúbbsins.

Íþróttá- og tómstundaráð tekur jákvætt í erindið en hefur ekki ákvörðunarvald um notkun á húsinu en vonar að bæjarstjórn taki jákvætt í erindið.

2. Allir með ! (2020010276)

Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi lagði fram minnisblað frá stýrihópi verkefnisins Allir með! þar sem óskað er eftir að gert verði ráð fyrir fjármagni til verkefnisins í fjárhagsáætlunum í framtíðinni. Stýrihópurinn leggur til að fjármagnið skiptist á fræðsluvið og velferðarsvið eftir umfangi verkefna og skiptingu þeirra á milli sviða

Íþróttá- og tómstundaráð fagnar verkefninu Allir með! sem hefur vakið jákvæða athygli um allt land í vetur. Ráðið telur mikilvægt að gert verði ráð fyrir fjármagni til verkefnisins í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins til framtíðar og vísar erindinu til fjárhagsáætlunarvinnu.

3. Ungt fólk 2021 (2019110250)

Hafþór B. Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi kynnti niðurstöður rannsóknarinnar Ungt fólk 2021 sem Rannsóknir og greining ehf. gerði meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum Reykjaneshæjar í febrúar 2021. Auk þess fór hann yfir helstu verkefni í forvarnarmálum hjá sveitarfélaginu. Íþróttá- og tómstundaráð þakkar fyrir greinargóða skýrslu. Markvissar rannsóknir á líðan og heilsu ungmenna er mikilvægur þáttur til þess að geta sinnt forvörnum á skilvirkan og árangursríkan hátt.

https://www.reykjaneshbaer.is/static/files/Fraedslusvid/hafthor/8_10_reykjaneshbaer.pdf



4. Menntastefna Reykjaneshæjar 2021-2030 – drög til umsagnar (2020010070)

Íþrótt- og tómsunduraráð fagnar vel unninni menntastefnu sem fellur vel að stefnu Reykjaneshæjar og þeim áherslum sem þar koma fram.

5. Aukinn opnunartími í sund 2022 (2021030215)

Íþrótt- og tómsunduraráð Reykjaneshæjar hefur að undanförunu fengið fjölmargar áskoranir um að lengja opnunartímann í Sundmiðstöð Reykjaneshæjar. Á síðasta fundi Ungmennaráðs Reykjaneshæjar vöktu þau einnig athygli á opnunartíminn mætti vera lengri.

Á 149. fundi íþrótt- og tómsunduraráðs var eftirfarandi bókað „Að auki er Hafsteini Ingibergssyni forstöðumanni íþróttamannvirkja falið að kanna hver kostnaðurinn myndi vera að auka opnunartímann enn frekar, þannig að hann samræmist opnunartíma hjá sambærilegum sveitarfélögum. Hafsteini er falið að skila tillögum þess efnis til íþrótt- og tómsunduraráðs sem fyrst.“

Íþrótt- og tómsunduraráð leggur til að opnunartíminn verði lengdur um tvær klukkustundir um helgar frá 1.maí – 31. ágúst 2022. Áætlaður kostnaður er um 10.000.000 kr. Vísað til fjárhagsáætlunarvinnu haustins.

6. Uppbygging íþróttamannvirkja og svæða (2019050297)

Íþrótt- og tómsunduraráð leggur til að stofnaður verði starfshópur undir forystu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, til þess að fylgja eftir stefnumótun íþróttamannvirkja í Reykjaneshæ sem samþykkt var á 134. fundi íþrótt- og tómsunduraráðs árið 2019.

<https://www.reykjaneshae.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/ithrotta-og-tomstundarad/134-fundur-1>

7. Heimsóknir á nýja gervigrasvöllinn og Borðtennisfélags Reykjaneshæjar (2021060370)

Íþrótt- og tómsunduraráð heimsótti nýja gervigrasvöllinn og aðstöðu Borðtennisfélags Reykjaneshæjar en báðar aðstöðurnar verða tilbúnar til notkunar innan skamms og mun bæta aðstöðu þessara deilda til mikilla muna.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18.30